



# ÁRSSKÝRSLA FJÖLSMIÐJUNNAR 2025

## Efnisyfirlit

<b>Ársskýrsla Fjölsmiðjunnar 2025</b> .....	<b>2</b>
Stjórn árið 2025.....	2
<b>Ávarp formanns</b> .....	<b>3</b>
Sagan í stuttu máli.....	5
<b>Almennt um starfsemina</b> .....	<b>7</b>
Fjárhagur.....	7
<b>Ráðgjöf og kennsla</b> .....	<b>10</b>
Fræðsludeild – formlegt nám.....	11
Nám í Fjölsmiðjunni.....	11
Námið.....	13
Til upprifjunar.....	15
<b>Áherslur í starfi</b> .....	<b>17</b>
<b>Starfsemi deilda</b> .....	<b>18</b>
Bíladeild.....	18
Trésmíðadeild.....	20
Veitingadeild.....	21
Handverks- og pökkunardeild.....	22
Tæknideild.....	24
<b>Nemar</b> .....	<b>26</b>
<b>Ýmislegt frá starfsemi okkar árið 2025</b> .....	<b>32</b>
<b>Ársreikningur 2025</b> .....	<b>41</b>



## Ársskýrsla Fjölsmiðjunnar 2025

Fjölsmiðjan er sjálfseignarstofnun. Stofnaðilar voru Rauði kross Íslands, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Vinnumálastofnun og Félagsmálaráðuneytið.

### Stjórn árið 2025

*Sigurbjörg Fjölnisdóttir frá SSH formaður til júní 2025.*

*Guðný Maja Riba fulltrúi Rvk tók við formennsku í júní 2025*

*Margrét Linda Ásgrímsdóttir varaformaður – Fulltrúi VMST.*

*Hulda A. Arnljótsdóttir - fulltrúi Mennta- og barnamálaráðuneytisins*

*Gissur Pétursson – fulltrúi Félagsmálaráðuneytisins*

*Rannveig Einarsdóttir frá SSH*

*Til vara : Anna G. Norðfjörð og Sigurbjörg Fjölnisdóttir.*

*Forstöðumaður Fjölsmiðjunnar er Sturlaugur Sturlaugsson.*

## Ávarp formanns



**Guðný Maja Riba formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar á höfuðborgarsvæðinu**

Það er mér bæði heiður og ánægja að hafa fengið að taka þátt í starfi Fjölsmiðjunnar síðasta ár.

Á síðustu árum hefur þörfin fyrir starfsemi eins og Fjölsmiðjuna aukist. Sífelld fleiri ungmenni glíma við kvíða, félagslega einangrun og áskoranir í námi eða á vinnumarkaði, eða eiga erfitt með að finna sér stað í hefðbundnu náms- og starfsumhverfi. Þess vegna hefur mikilvægi Fjölsmiðjunnar aldrei verið meiri. Þörfin fyrir snemmtæka íhlutun, forvarnir og einstaklingsmiðaðan stuðning er mikil og þar gegnir Fjölsmiðjan mikilvægu hlutverki. Með því að sameina starfsþjálfun, nám, lífsleikni, hreyfingu og félagsleg tengsl býður starfsemin ungmönnum upp á tækifæri til að vaxa, efla færni sína og taka næstu skref á eigin forsendum.

Það sem vekur hvað mesta virðingu er að hér er ekki fyrst og fremst horft á hindranir heldur styrkleika. Í Fjölsmiðjunni er unnið út frá þeirri sannfæringu að allir hafi eitthvað fram að færa og að með réttum stuðningi geti ungmenni fundið sinn stað, öðlast sjálfstraust og tekið næstu skref í átt að námi, starfi og virkri þátttöku í samfélaginu.

Á síðustu árum hefur hópur þeirra sem leita til Fjölsmiðjunnar orðið fjölbreyttari. Þar eru ungmenni með ólíkan bakgrunn, ólíka reynslu og ólíkar þarfir. Það kallar á sveigjanleika, fagmennsku og stöðuga þróun Fjölsmiðjunnar. Starfsfólk Fjölsmiðjunnar hefur enn á ný sýnt að það býr yfir þessum eiginleikum og mætt verkefnum af einstakri alúð og fagmennsku.

Fyrir hönd stjórnar vil ég færa starfsfólki Fjölsmiðjunnar innilegar þakkir fyrir ómetanlegt starf. Þakkir fá einnig samstarfsaðilar okkar, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, ráðuneyti, Vinnumálastofnun og aðrir stuðningsaðilar sem gera starfsemina mögulega. Árangur Fjölsmiðjunnar verður aldrei til af sjálfu sér; hann byggir á samstarfi, trausti og þeirri sameiginlegu ábyrgð okkar að skapa ungu fólki tækifæri til að finna styrkleika sína og feta sína eigin leið til framtíðar.

Mest af öllu vil ég þó þakka þeim ungmenum sem sækja Fjölsmiðjuna. Þau sýna okkur á hverjum degi að framfarir eru mögulegar, að litlu sigarnir skipta máli og að framtíðin getur verið björt þrátt fyrir mótlæti.

Við eigum áfram mikið verk fyrir höndum. En svo lengi sem við höldum áfram að mæta ungu fólki af virðingu, hlýju og trú á getu þess er ég sannfærð um að Fjölsmiðjan muni áfram skipta sköpum í lífi fjölda ungmenna og samfélagsins alls.

Guðný Maja Riba

Formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar

## Sagan í stuttu máli

Rauði krossinn átti frumkvæði að stofnun Fjölsmiðjunnar árið 2001 og var Ásgeir Jóhannesson fyrsti formaður stjórnar Fjölsmiðjunnar. Nafnið var keypt af fyrirtæki sem var að hætta starfsemi og voru fyrir það greiddar 10.000 krónur. Nafnið Fjölsmiðjan á að tákna þann fjölbreytileika starfa sem er í boði.

Á þessum tíma, fyrir 24 árum síðan, voru upplýsingar um brottfall nemenda úr skóla ekki opinberar og því þurfti aðstoð Hagstofunnar til að finna það út að brottfall úr skólum þá var um 40%.

Þessi staðreynd ýtti m.a. undir stofnun Fjölsmiðjunnar.

Rauði krossinn hafði áður leitað eftir hugmyndum að úrræði fyrir aldurshópinn 16 - 24 ára og árið 1997 var Ásgeir í einkaerindum á ferðalagi í Kaupmannahöfn og kynnti sér þar m.a. kvennasmiðju með Rauða krossinn í huga. Þegar hann er að yfirgefa smiðjuna rakst hann á bækling um „Produktion“ skóla í Danmörku sem hann hreifst af sem varð fyrirmyndin að stofnun Fjölsmiðjunnar fjórum árum síðar. Reynsla Dana var sú að um 80% þeirra sem komu í vinnuseitrun fóru í skóla eða út á vinnumarkaðinn sem líklega er góður árangur.

Rauði krossinn kynnti hugmyndirnar fyrir þáverandi félagsmálaráðherra Páli Péturssyni sem tók að sér að hafa forræði að athugun og undirbúningi málsins. Rauði krossinn sá sig knúinn til að bregðast við ákveðnu ástandi.

„Hugmyndin er að vera með trésmíðadeild, garðyrkjudeild, járnsmíðadeild, skrifstofu og tölvudeild. Þá er ætlunin að vera með umönnunardeild og hússtjórnardeild þar sem m.a. verður kennd matreiðsla, saumaskapur og ýmislegt fleira, svo verður þjóðfélagsfræðsla og fræðsla um peninga...“ Þetta skrifar Þorbjörn Jensson fyrrverandi forstöðumaður til 17 ára við upphaf Fjölsmiðjunnar árið 2001. Í dag er Fjölsmiðjan rekin í megindráttum í sama anda.


Fjölsmiðjan þakkar Ásgeiri Jóhannessyni og öðru hugsjónarfólki kærlega fyrir frumkvæðið og eldmóðinn sem stuðlaði að stofnun Fjölsmiðjunnar. Kristján



Guðmundsson velunnari Fjölsmiðjunnar, fyrrverandi félagsmálastjóri og bæjarstjóri Kópavogs var ráðinn verkefnastjóri á undirbúningsstigi Fjölsmiðjunnar. Þorbjörn Jensson, fyrrverandi forstöðumaður Fjölsmiðjunnar, leiddi síðan starfsemina samfellt í 17 farsæl ár. Guðrún Kristinsdóttir fyrrverandi skrifstofustjóri Fjölsmiðjunnar og eiginkona Þorbjörns hætti á árinu 2021 en hún starfaði í Fjölsmiðjunni í um 18 ár. Sturlaugur Sturlaugsson tók við sem forstöðumaður Fjölsmiðjunnar 2018.

Gissur Pétursson fyrrverandi ráðuneytisstjóri í Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu hefur fylgt Fjölsmiðjunni eftir, öll þessi ár m.a. með því að vera í stjórn nánast frá upphafi.

## Almennt um starfsemina



### Hugmyndauðgi á ráðstefnu í Eistlandi

## Fjárhagur

Tekjur umfram gjöld ársins 2025 voru 29.4 m.kr. Heildartekjur voru 243.5 m.kr. Heildarframlögin árið 2025 voru upp á 185 m.kr. á móti 160 m.kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 25 m.kr.

Leiga á húsnæði Fjölsmiðjunnar hækkaði um rúmlega 21 m.kr. á milli ára.

Framlegð deilda hækkar um tæpar 4 m.kr.

Fjölsmiðjan var ekki full mönnuð árið 2025 þar sem ekki hafði verið ráðið aðstoðarmann í veitingadeildina fyrr en í lok ársins, deildarstjórastaða fræðsludeildar var ekki mönnuð fyrr en seinni hluta árs 2025 og svo var Heiða náms- og starfsráðgjafi í veikindaleyfi seinni hluta ársins og ekki var ráðið í hennar stað. Handbært fé um áramótin 25 / 26 var um 46 m.kr. á móti 18.5 m.kr. um áramótin 24 / 25.

Árið 2025 voru haldnir 5 stjórnarfundir með ársfundi þann 31. maí 2025. Á fundum stjórnar eru tekin fyrir mál er varðar starfsemina, félagslega, fjárhagslega og skipulagslega.

Mikil óvissa var um lengri tíma fjármögnun Fjölsmiðjunnar á árinu. Í lok árs 2025 tókst að lenda samningum við helstu stuðningsaðila Fjölsmiðjunnar þ.e. VMST (2 ár) / SSH (5 ár) / og Mennta – og barnamálaráðuneytið (3 ár). Vegna óvissunar um reksturinn árið 2025 var ákveðið að draga úr starfseminni að hluta sem er ekki gott til lengri tíma.

Menntamálaráðuneytið, Atvinnuleysistryggingasjóður (VMST) og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggja til rekstrarfé árið 2025 upp á 185 m.kr.

Seld þjónusta Fjölsmiðjunnar var upp á 56 m.kr. sem er um 5.5 m.kr. hækkun á milli ára.

Framlegð deilda upp í fastan kostnað Fjölsmiðjunnar voru 34 m.kr. og hækka um 4 m.kr. á milli ára.

Eigið fé um áramótin 2025 eru rúmar 81 m.kr. og hækkar um 25 m.kr. á milli ára.

Fjármál og rekstur Fjölsmiðjunnar hefur alltaf verið stór hluti af daglegu starfi og krafan um tekjuöflun mikilvægur þáttur í starfinu. Það er styrkur Fjölsmiðjunnar að afla tekna, vinnan verður sýnilega einhvers virði og nemarnir sjá að þeir skipta máli á vinnustaðnum. En Fjölsmiðjan á því miður erfitt með að sækja viðbótarfjármagn út í atvinnulífið til að fjármagna m.a. launahækkanir á almennum kjarasamningum og hækkandi leigu.

Fjölsmiðjan hafði yfirleitt næg verkefni, þó var það mismunandi á milli deilda og vinnustaðurinn gekk ágætlega.

Bíladeild hefur haldið sínu striki og er með fyrirtæki og stofnanir í föstum viðskiptum en einstaklingar halda uppi fjöldanum í kaupum á þjónustunni. Að jafnaði eru afgreiddir um þrír til fjórir bílar á dag, eftir mönnun deildarinnar hverju sinni.



Framlegð trésmíðadeildar var heldur minni vegna samdráttar í brettaframleiðslu á milli ára m.a. vegna breyttra tollamála í heiminum þ.e. vegna sölusamdráttar.

Rekstur veitingadeildar var erfiður á árinu 2025 m.a. vegna kostnaðarverðs hækkana og breytinga á mönnun hennar og harðnandi samkeppni..

Tæknideildin (Rafdeild – Tölvudeild) hefur gengið í gegnum miklar breytingar sem lofa góðu. Samningar hafa náðst við fyrirtæki og stofnanir um móttöku tölvubúnaðar sem tæknideildin reynir svo að glæða nýju lífi og selja á innlendum og erlendum mörkuðum. Tæknideildin er virk í hringrásarhagkerfinu.

Handverks- og þökkunardeildin tók að sér fjölbreytt verkefni árið 2025 og rekstur hennar vænkaðist.

Ársreikningur Fjölsmiðjunnar fyrir árið 2025 er hluti af ársskýrslunni og er aftast í skýrslunni undir viðauka. Þar er hægt að sjá nánari niðurstöður um rekstur Fjölsmiðjunnar.

## Ráðgjöf og kennsla



Heiða Kristín L. Harðardóttir er náms- og starfsráðgjafi Fjölsmiðjunnar.

Náms- og starfsráðgjafi sinnir ýmsum verkum og eru helstu verkefni viðtöl við nema og teymisfundir vegna nema, aðstoða nema við að sækja um vinnu eða skóla og skipuleggja nám sitt. Þá fá nemar ýmis konar ráðgjöf, geta tekið áhugasviðspróf, fyllt út starfsferilsskrár og fengið stuðning við það sem þeir eru að vinna að hverju sinni. Eins veitir ráðgjafi nemum persónulega ráðgjöf, hópráðgjöf, markþjálfun ásamt að sjá um framfaraskráningu nema Fjölsmiðjunnar. Námsráðgjafi færir inn umsóknir allra sem sækja um í Fjölsmiðjunni og tekur í viðtal og sér um samskipti við ráðgjafa nema og forráðamenn.

## Fræðsludeild – formlegt nám

Signý Hlíf Árnadóttir, náms- og starfsráðgjafi, tók við stöðu fræðslustjóra í ágúst. Fræðslustjóri sinni ýmsum verkefnum tengt því að efla einstaka nema Fjölsmiðjunnar með almennri fræðslu. Fræðsludeildin hefur m.a. sinnt :

- námskeiðahald
- aðstoðað nemendur að sækja um í skólum
- veitt aðhald í námi
- veitt námsaðstoð eftir þörfum
- lífsleikni kennslu
- markmiðasetningu
- aðstoð með bóklegt ökunám
- veitt aðstoð við undirbúning fyrir bílpróf

## Nám í Fjölsmiðjunni

Nú eru fimm ár liðin frá því að viðurkennt nám frá Menntamálastofnun Íslands hófst í Fjölsmiðjunni.

Þegar við lítum til baka sjáum við hversu mikilvægt skref það var að ná þessum áfanga. Fjöldi nemenda hafa fengið trú á menntakerfið á ný og haldið áfram námi.

Nemum í Fjölsmiðjunni stendur til boða að stunda nám samhliða störfum í Fjölsmiðjunni, t.d. í einum til þremur áföngum. Fer það þannig fram að umsjónarmaður ráðgjafar fer með nemendum í gegnum það hvaða áfanga sé best að taka og hvaða áfanga þeir séu búnir með. Oft er þetta gert í samvinnu við náms- og starfsráðgjafa í viðkomandi skóla. Sumir nemar eru að byrja aftur þar sem frá var horfið en aðrir hafa aldrei farið í framhaldsskóla og jafnvel ekki lokið grunnskólaprófi.

Það er stórt skref að hefja nám að nýju, sérstaklega þegar minningar frá fyrri skólagöngu eru ekki góðar og valda jafnvel vanlíðan hjá nemunum. Þeir nemar sem

fara í skóla samhliða starfi í Fjölsmiðjunni eiga mikið hrós skilið fyrir dugnað og áræðni.

Þau einingabæru fög sem kennd voru á árinu 2026 voru stærðfræði á 1. og 2. þrepi og íslenska á 1. og 2. þrepi. Þetta eru fög sem þarf til að útskrifast úr grunnskóla og hefja nám í framhaldsskóla.

Einnig var námskeið frá Framvegis sem er einingarbær og var kennd námskeiðin Líf og Heilsa sem og Stökkpallur.

Ekki hefur verið nægjanleg eftirspurn eftir kennslu í ensku á 1. og 2. þrepi.

Ánægjulegt samstarf hélt áfram við þá framhaldsskóla sem gert hafði verið samstarfssamninga við. Þ.e. Borgarholtsskóla, Fjölbrautaskólann við Ármúla, Fjölbrautaskólann í Breiðholti og Tækniskólann.

Aðalnámskrá grunn- og framhaldsskólana var höfð að leiðarljósi við gerð námskrár en það er ljóst að samsetning nemenda hér í Fjölsmiðjunni hefur mikið að segja hvernig námið gengur fyrir sig.

Áherslur námsins í Fjölsmiðjunni er að koma til móts við og finna styrkleika nemanna, vinna með þá og efla. Hjálpa þeim til að fá trú á eigin getu. Nemendur koma og kíkja inn í skólastofuna og athuga hvort að þetta sé öruggt umhverfi til að vera í og treysta. Það getur því tekið nokkrar vikur að fá loka nemendahópinn. Margir nemenda okkar hafa því miður ekki jákvæða reynslu af skólagöngu sinni og eru því varkárir og jafnvel neikvæðir að hefja skólagöngu í Fjölsmiðjunni.

## Námið

### Íslenska 1. þrep

Ragnar S. Magnússon íslenskukennari

**Íslenska 1. þrep.** Íslenska á 1. þrepi er fyrir nemendur sem fengu C eða D í grunnskóla var kenndur á vor- og haustönn 2025. Sjö nemar byrjuðu áfangann, fjórir nemar hættu í áföngunum. Þrír nemendur kláruðu áfangann. Á haustönn 2025 voru fjórir nemendur sem hófu nám í íslensku. Þrír nemar náðu en einn hætti í náminu.

Þar sem nemendur í þessum áfanga voru komnir mislangt, þurfti að nota mjög ólíkar nálganir í áfanganum og ekki var hægt að nota saman námsefni. Þessi áfangi var byggður upp eins og sérkennsla og er símatsáfangi, minni próf, verkefni og ritgerð.

### Stærðfræði 1. þrep

Zuzanna Korpak kenndi vorönn 2025

Á vorönn 2025 var kennd stærðfræði á 1. þrepi, undirbúningur og grunnur saman og voru sex nemendur sem byrjuðu áfangann og tveir luku náminu.

Stærðfræði á 1. þrepi, undirbúningur og grunnur var ekki kennt á haustönn 2025 þar sem ekki var næg þátttaka.

### Stökkpallur

Boðið var upp á nýjung í námsframboði Fjölsmiðjunnar á haustönn 2024 þegar fimm nemendur frá Fjölsmiðjunni hófu nám á Stökkpallinum og hélt því samstarfið áfram árið 2025. Stökkpallurinn er 180 klukkustunda nám og geta nemendur fengið 10 einingar metnar í framhaldsskóla sem val eða í Lífsleikni. Helstu námsgreinar eru jákvæð sálfræði, markmiðasetning, sjálfstyrking, samskipti, vinnuumhverfi og vettvangsnám. Einnig er fá nemar aðstoð við ferilskrágerð, undirbúning fyrir atvinnuviðtal ofl. Náminu lýkur með hópverkefni sem þau kynna fyrir hópinn. Nám á

Stökkpalli hefur gefið góða raun og hjálpað mörgum að stíga næstu skref í námi eða starfi. Stökkpallurinn er kenndur hjá Framvegis og mæta nemendur okkar til þeirra fjórum sinnum í viku. Á vorönn 2025 fóru fimm drengir frá okkur og luku þeir allir náminu. Á haustönn fór aðeins einn frá okkur því námið var fullt, hann var með 100% mætingu og lauk náminu með prýði.

## Fjarnám

Boðið er upp á aðstoðu fyrir fjarnám í Fjölsmiðjunni þar sem nemendur koma og læra og fá þá aðstoð sem þarf til að halda áfram náminu. Tveir nemendur eru skráðir í fjarnám en hafa ekki nýtt sér aðstöðuna hér til þess að sinna náminu. Framhaldsskólanemendur sem enn eru skráðir í Fjölsmiðjunni eiga kost á að koma og fá aðstoð við nám og heimanám og er það þokkalega nýtt.

## Nám utan Fjölsmiðjunnar

Nemendum Fjölsmiðjunnar býðst að fara í nám í almennum framhaldsskólum með stuðning Fjölsmiðjunnar í allt að þrjár annir. Nemendur sækja um sjálf með aðstoð námsráðgjafa og/eða fræðslustjóra og ef þeir komast inn fá þeir samning við Fjölsmiðjuna með nám. Skila þarf inn mætingu og árangri og koma til starfa þegar það er frí frá skólanum. Nemar geta verið í þrjár annir, eins og áður var sagt, og er það gert til að aðstoða nema og koma í veg fyrir brottfall nema. Nemendur útskrifast frá Fjölsmiðjunni eftir þrjár annir í nám á eigin vegum. Á vorönn 2025 byrjuðu samtals tuttugu og fjórir nemendur frá Fjölsmiðjunni í námi í framhaldsskólum, fjórir útskrifuðust eftir þrjár annir í námi og héldu áfram námi á eigin vegum. Sex nemar af hættu námi á vorönn 2025 og komu þá ýmist aftur inn í Fjölsmiðjuna að vinna eða fóru annað. Á haustönn voru sextán nemendur skráðir í nám í framhaldsskólum, tveir þeirra útskrifaðist í nám á eigin vegum eftir þrjár annir og fjórir hættu í námi og fóru annað eða komu aftur að vinna í Fjölsmiðjunni.

## Íslenska fyrir innflytjendur

Íslenska fyrir innflytjendur eða íslenska sem annað mál var kennt í Fjölsmiðjunni árið 2025, nemendur hófu nám á ólíkum tíma, þeir komu inn í námið þegar þeir hófu störf í Fjölsmiðjunni. Ekkert námsmat er í áfanganum og nemendur höfðu mismikla hæfni í íslensku, nemendur fá ekki einingar fyrir þetta nám. Það fór meðal annars eftir því hversu lengi þeir höfðu verið á Íslandi. Á vorönn voru um 19 nemendur en ekki náðist að fá kennara á haustönn þannig að engin kennsla fór fram fyrir þennan hóp.

20 nemar fengu aðgang að appinu BaraTala í gegnum Vinnumálastofnun. Það er app sem einblínir á talmál til að auka orðaforða og er flokkað eftir störfum.

## Ökunám

Fjölsmiðjan hefur lagt áherslu á stuðning við ökunám vegna þess að það veitir nemum aukið sjálfstraust og auðveldar þeim að fá vinnu. Fjölsmiðjan hefur aðstoðað nema að finna ökukennara sem hentar þeim og leiðbeint hvað þarf að gera þegar hefja á ökunám. Nokkrir nemar fengu aðstoð við bóklega ökuprófið með því að koma tvisvar til þrisvar sinnum í viku, lesa, gera æfingar og fá aðstoð ef þurfti.

## Til upprifjunar

Þann 7. september 2020 hlaut Fjölsmiðjan á höfuðborgarsvæðinu viðurkenningu frá Menntamálastofnun sem framhalds fræðsluaðili á 1. þrepi og ensku á 2. þrepi. Þessi viðurkenning hefur mikla þýðingu fyrir starfsemi og nema Fjölsmiðjunnar þar sem nemar fá aukin tækifæri til náms í Fjölsmiðjunni sem metið verður til eininga. Þá er þetta ekki síður viðurkenning á þeirri þróun á faglegu starfi Fjölsmiðjunnar sem hefur átt sér stað á síðastliðnum árum með hag nemenda að leiðarljósi.

Með viðurkenningunni gefst nemum Fjölsmiðjunnar tækifæri til að sækja einingarbært

nám á 1. þrepi í Fræðsludeild hennar og ljúka þannig skyldunámi sínu. Í fyrstu var ákveðið að bjóða upp á nám í tveimur áföngum í íslensku, tveimur áföngum í stærðfræði og einum áfanga í lífsleikni. Farið var af stað með lífsleikni inni á deildum á haustmánuðum ásamt kennslu í einum áfanga í stærðfræði og kennslu í íslensku fyrir útlendinga.

Í kjölfar viðurkenningar Menntamálastofnunar náðist samstarfssamningur við fjóra framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu, þ.e. Borgarholtsskóla, Fjölbrautaskólann við Ármúla, Fjölbrautaskólann í Breiðholti og Tækniskólann. Megin innihald samningsins snýr að því að nemar sem ljúka námi í Fjölsmiðjunni á 1. þrepi og ensku á 2. þrepi, fá það nám metið að fullu af samstarfsskólunum ef/og þegar nemar sækja um nám hjá þeim síðar meir. Enda eru námskrár og áherslur námsins í Fjölsmiðjunni unnar með hliðsjón af námsskrám samstarfsskólanna og Aðalnámskrá grunn- og framhaldsskóla. Nemar Fjölsmiðjunnar sem hyggja á áframhaldandi nám utan veggja Fjölsmiðjunnar síðar meir fá þannig loknar einingar metnar að fullu. Byrjað var að vinna að endurnýjun samnings í nóvember 2024 og var samþykkt í byrjun árs 2025þ.

Til lengri tíma litið verður vonandi boðið upp á fjölbreytt námsval í Fjölsmiðjunni. Ávallt er farið vel yfir námslega stöðu hvers og eins nema út frá gögnum þeirra og þeim raðað í áfanga eftir því hvar hver og einn er staddur. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða nálgun, stuðning, mikla eftirfylgni og hvatningu með árangur nemanda í huga.

## Áherslur í starfi



- Er að stuðla að heilbrigðum og farsælum venjum í daglegu lífi með frekara nám og þátttöku almennt í lífinu í huga.
- Almenn fræðsla um leiðir til að auka vellíðan byggt á rannsóknum, sbr. Fimm leiðir að vellíðan skv. Landlækni.
- Skapa fyrirtækjamenningu Fjölsmiðjunnar sem vonandi endurspeglar það sem okkar nemar munu upplifa m.a. út á vinnumarkaðnum.
- Meta framfarir og veita endurgjöf til nema og forráðamanna eftir möguleikum skv. regluverkinu.
- Stuðla að jákvæðri hugsun, farsælli hegðun og góðu líkamlegu ástandi sem aftur leiðir til bættrar heilsu.
- Áherslur í starfseminni séu í takt við aðstæður í þjóðfélaginu.
- Miðað er við þarfir VMST og Velferðarþjónustunnar á höfuðborgarsvæðinu, en eðlilega í takt við okkar fjárhagsgetu, starfsmanna fjölda, aðstöðu og verkefni.
- Þjóða nemum sem ekki hafa lokið formlegu grunnskólanámi möguleika á því að fá viðurkenndar námseiningar á 1. þrepi og 2. þrepi í ákveðnum fögum.

## Starfsemi deilda



Við reynum að senda farsæl skilaboð til nema og gesta. Eva listamaður og hönnuður að loknu verki

Fjölsmiðjan er með fimm deildir auk fræðsludeildar. Þær eru: Bíladeild, trédeild, veitingardeild, handverks- og pökkunardeild og tæknideild.

### Bíladeild

Deildarstjóri bíladeildar er með meistararéttindi í bifreiðasmíði.

Deildarstjóri er Gunnar Guðjónsson.

Seld þjónusta deildarinnar var upp á 6.6 m.kr. sem er sambærilegt við árið 2024. Fjárfest var í nýju þvottakerfi á árinu.

Bíladeild sér um að bóna og þrifa bíla. Viðskiptavinir bíladeildar koma úr öllum áttum, jafnt frá hinu opinbera og fyrirtækjum. Þjónusta við einstaklinga er svipuð á milli ára.

Starfið á deildinni er í nokkuð föstum skorðum, reglur við móttöku og skil á bílum.

Mikið er lagt upp úr því að vanda vinnubrögð.

Umsjónarmaður deildarinnar hefur fengið tjonabíla frá tryggingafyrirtækinu Sjóvá til niðurrifs. Þannig geta nemar lært og undirbúið sig til frekara náms í vinnu við bílaiðn.



Öryggispúði í bíl sprengdur

## Trésmíðadeild

Guðmundur Hrafnkelsson húsasmiður er deildarstjóri.



**Guðmundur deildarstjóri og nemar tóku líka að sér að skipuleggja “vatns- og orkubúskapinn” í Íslandsbanka maraþoninu í ágúst mánuði**

Seld þjónusta ársins var um 7.4 m.kr sem er svipuð velta og frá fyrra ári, framlegðin var 5,2 m.kr sem er um milljón lægra en árið á undan. Framleiðsla bretta sem hefur verið helsta verkefni trédeildar hætti á árinu vegna áhrifa tolla erlendis frá. Verkefni sem trédeild sinnir fyrir Norðurál koma reglulega og ýmis verkefni önnur falla til, eins og framleiðsla duftkerja í samstarfi við aðila sem framleiðir og selur líkkistur.

Deildin sér einnig um allt viðhald fyrir Fjölsmiðjuna, bæði hvað varðar húsnæði og innanstokksmuni.

Auk þess tekur deildin þátt í mörgum átaksverkefnum sem þarf að vinna.

Guðmundur Hrafnkelsson, hefur einnig borið ábyrgð á framleiðslu starfsmannakorta (tölvudeild).

## Veitingadeild



### **Angela kokkur er stöðugt að kenna nemum sínum**

Deildarstjóri veitingadeildar er Angela Figus matreiðslumaður. Ráðinn var aðstoðarmaður á veitingardeild haustið 2025, Francisco Agreda.

Veitingadeildin er einskonar kennslueldhús og karkarnir fá tækifæri til að kynna því helsta í deildinni. Allt er nánast framleitt frá grunni. Og svo þarf að læra að taka á móti gestum.

Ört hækkandi matvælaverð hafði því miður áfram neikvæð áhrif á rekstur deildarinnar.

Seld þjónusta var upp á 11 m.kr. sem er um 7 m.kr. tekjulækkun á milli ára. Framlegð var um í mínus og var því deildin rekin í um 6 m.kr tapi.

Nemar Fjölsmiðjunnar fá morgun- og hádegismatinn á mjög lágu verði sem að hluta skýrir dapra afkomu deildarinnar. Aðstæður nema eru mjög mismunandi heima fyrir þess vegna leggjum við mikla áherslu á að nemarnir okkar nýti sér þennan möguleika að komast í hollann og ódýran mat. Framleiðslu- og hráefnisgæðin eru mjög góð. Það sést best í gegnum ánægða viðskiptamenn.

Matseðillinn er fjölbreyttur og sendur út fyrir vikuna.

Morgunmatur er fyrir nemendur frá mánudegi til fimmtudags frá kl 9:30.

Afgreiðslan í hádeginu fer fram milli kl 11.30 til kl 13.00 á hlaðborði. Á fimmtudögum bætum við alltaf aðeins meira í og höfum fullt hlaðborð af ýmsum mismunandi réttum ásamt eftirrétt.

## Handverks- og pökkunardeild



### Vöruflóra handverksdeildar

Signý Hlíf Árnadóttir var deildarstjóri handverks- og pökkunardeildar fram í ágúst þegar Olga Alrksieieva, tók svo við deildinni. Olga er með menntun í arkitektúr auk að vera sjálfstæður listamaður.

Handverks- og pökkunardeild sinnir fjölbreyttum verkefnum fyrir utanaðkomandi aðila. Helstu verkefni felast í að merkja vörur með íslenskum notkunarleiðbeiningum, líma strikamerki á hluti, happdrættismiðar, pakka inn jólagjöfum fyrir fyrirtæki og búa vörur til póstsendingar. Við setjum einnig saman perluð armbönd fyrir söluaðila. Á árinu héldum við áfram að vinna verkefni fyrir Þjóðkirkjuna sem nú stefnir á að senda öllum skírnar börnum eina matskeið af birkifræjum til gróðursetningar ásamt heillaóskum til foreldra og forráðamanna. Það er verkefni sem Fjölsmiðjan hefur sinnt síðustu ár. Handverks- og pökkunardeild fékk einnig það skemmtilega verkefni frá Sjómannadagsráði að gera nælur fyrir samtökin. Þegar ekki eru fyrirnefnd verkefni í

húsi eru allar stundir nýttar til sköpunar í deildinni. Efniviður er af fjölbreyttu tagi og mikil áhersla er lögð á endurnýtingu og hugmyndaauði nemanna sjálfra.

Handverks- og pökkunardeild hefur bætt við sig mikið af pökkunarverkefnum og hefur aukið framlegð sína verulega.

Seld þjónusta handverks- og pökkunardeildar var 7,2 m.kr. og framlegð var um 6,9 m. kr á árinu 2025.



## Tæknideild



Ásbjörn Torfason rafeindavirkjameistari er deildarstjóri tæknideildar.

Aðstoðarmaður í tæknideild er Davíð Bergmann.

Samstarf og samningar við ýmsa birgja reyndist Tæknideildinni vel á árinu.

Tæknideildinni bærust nýlegri tölvur og voru fartölvur uppistaðan í sölu og tekjuöflun deildarinnar. Okkar helsti endursöluaðili á tölvum var Fjölsmiðjan á Suðurnesjum en þar er rekinn nytjamarkaður af miklum myndarskap og gekk salan framur vonum. Sala á tölvum og tölvubúnaði til fastra viðskiptavina í upplýsingatæknigeiranum hefur einnig verið að aukast, sem og sala til einstaklinga. Eitthvað var um leigu á tölvum og tölvubúnaði í kvikmyndaverkefni.

Megin verkefni tæknideildarinnar er að kenna nemendum að yfirfara, hreinsa, setja upp og prófa tölvur og tölvubúnað frá ýmsum framleiðendum. Einnig er endurvinnsla á ýmsu hráefni (t.d. ál, járn, koparvírar, plast og prentplötur) stór þáttur í verknámi nemenda tæknideildarinnar.

## Ársskýrsla Fjölsmiðjunnar 2025

Heildartekjur tæknideildar á árinu voru 13,9 m.kr. árið 2025

Framlegðin reyndist vera 13,5 m.kr. á árinu á móti 11,5 m. kr. árið 2024.




**Ýmis búnaður er til sölu á tæknideildinni**

## Nemar


Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk með það að markmiði að gefa þeim tækifæri til að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám.

Á árinu 2025 voru 159 nemar við störf í Fjölsmiðjunni, ýmist í lengri eða styttri tíma.


Alls útskrifuðust 74 nemar á árinu, 33,5 % af þeim fóru í vinnu, atvinnuleit eða nám. Fyrir um 24 % var úrræðið ekki að henta. Nemendendafjöldi Fjölsmiðjunnar lækkaði aðeins frá árinu 2024. En hefur fjölgað mikið frá árinu 2020. Hópurinn okkar heldur áfram að þyngjast og þurftu 14,5 % nema að hætta vegna veikinda og þurftu á frekari endurhæfingu að halda.



Fjöldi nema frá 2020 - 2025



Fjölsmiðjan er ætluð fólki á aldrinum 16-24 ára, þó er möguleiki á því að gera undantekningar frá því með eldri einstaklinga. Á árinu 2025 voru alls 159 nemar skráðir í Fjölsmiðjuna sem er 11 færri en árið 2024.



Á árinu voru skráðir 159 nemar í Fjölsmiðjunni. Útskrifaðir nemar reyndust 74



**Flestir nemendur Fjölsmiðjunnar eru karlkyn**

Nánast allir sem skráðir eru í Fjölsmiðjuna eru með einhverjar formlegar greiningar.

Margir nemar Fjölsmiðjunnar hafa átt við andlegan og félagslegan vanda að stríða oft yfir langan tíma. Kvíði, þunglyndi, svefnvandi og vanvirkni eru áberandi þættir. Að komast upp úr kvíða og þunglyndi getur tekið langan tíma og krefst mikillar þolinmæði.

Flestir sem hætta er vegna einhverskonar veikinda, þar vegur þungt kvíði, þunglyndi og andleg vanlíðan af ýmsu tagi.

Fjölsmiðjan telur mikil tækifæri til að auka gæðin á starfseminni sinni m.a. með aukinni fræðslu og stuðningi af sálfræðingi í Fjölsmiðjunni.

Nokkur dæmi um einkenni hópsins:

- ADHD
- Einhverfuróf
- Skólaforðun
- Dyslexía
- Vinaleysi eða fáir vinir
- Trú á eigin getu oft lítil
- Þunglyndi
- Oft brotið bakland
- Óskýr framtíðarsýn
- Kvíði
- Tungumálaerfiðleikar, íslenska...
- Stundum saga um neyslu
- Depurð
- Án fjölskyldu
- Saga um einelti (oft langvarandi)
- Geðraskanir
- Brotin sjálfmynd
- Ljúf og einlæg
- Mörg hver mjög listhneigð
- Mjög góð ensku kunnátta
- Tölvu -og tækni, mikill áhugi
- Sértek þekking

Með árunum virðist eins og andleg og félagsleg vanlíðan aukist til muna og í Fjölsmiðjuna koma margir einstaklingar með fjölbætt vandamál af þeim sökum. Nú er orðið svo að neysluvandinn er minna áberandi en var í byrjun en almenn vanlíðan er stærra viðfangsefni sem og skjáfíkn.

Margir náðu markmiðum sínum og því ber að fagna. Í Fjölsmiðjuna koma oft einstaklingar með lítið sjálfstraust í upphafi en fara héðan sem sterkir einstaklingar í vinnu eða skóla. Best gengur þegar allir geta unnið saman, namar, fjölskyldan, skóli, meðferðaraðilar, ráðgjafar og viðskiptaaðilar Fjölsmiðjunnar svo eitthvað sé nefnt.

Aðstæður nemanna eru mjög misjafnar, frá því að búa við bestu aðstæður hjá foreldrum, í að vera algjörlega á eigin vegum í lífinu. Margir namar eiga slæmar minningar úr grunnskóla, til dæmis vegna eineltis og námsörðugleika. Það er mikill sigur að fá nema til að vilja fara aftur í skóla og sérstaklega ef þeim getur liðið vel í

skólanum. Samstarf við þá framhaldsskóla sem nemarnir sækja gengur undantekningarlaust vel og aðilar skólanna eru mjög viljugir að koma til móts við þarfir nema Fjölsmiðjunnar, sem í byrjun náms geta verið af ýmsum toga. Allir nemar fara í lífsleikni með sinni deild einu sinni í mánuði og þar er farið yfir þætti sem hjálpa í daglegu lífi eins og mataræði, tannheilsa, skattamál, ferilskrá, kynheilbrigði og fleira.

Til að fá vinnu í Fjölsmiðjunni þurfa nemar að sækja skriflega um. Þeir sem sækja um þurfa að vera í sambandi við Félagsþjónustu eða Vinnumálastofnun vegna þjálfunarstyrkja sem þeir eiga rétt á. Fjölsmiðjan er í góðu samstarfi við félagsþjónustur sveitarfélaganna og aðra sem vinna að málefnum ungmenna.

Nemar fá greitt fyrir vinnu sína skv. aldri og ástundun.

Nemar fá greitt mánaðarlega frá Fjölsmiðjunni og er innheimt til baka frá sveitarfélögum en Vinnumálastofnun hefur séð um greiðslur til sinna skjólstæðinga.

Nemarnir frá Velferðarsviði höfuðborgarsvæðisins eru misvirkir til vinnu og náms og styrkleikar þeirra ólíkir. Þess vegna þurfum við að hafa þjónustuna eins einstaklingsmiðaða og aðstæður okkar leyfa. Margt er sameiginlegt með nemum félagsþjónustunnar t.d. svefnleysi, einhverfa, einbeitingarskortur, kvíði, depurð, þunglyndi og félagsfælni, sem dæmi. Sömuleiðis er mikil sérþekking hjá mörgum um tölvur, tölvuleiki, bíla og tækni svo eitthvað sé nefnt. Einstaklingarnir eru flestir mjög vel enskumælandi, listhneigðir og ljúfir að eðlisfari. Það er því ögrandi verkefni að finna leiðir til að auka vellíðan og virkni nemanna.

Fjölsmiðjan hefur verið að taka við nemum frá VMST og AMS. Á árinu 2025 komu níu einstaklingar frá AMS í sex vikna vinnuþrófun hér í Fjölsmiðjunni. Tveir einstaklingar komu inn í virkni á vegum VMST/IPS í skemmri tíma hjá Fjölsmiðjunni. Einstaklingar frá VMST eru yfirleitt góður stuðningur við einstaklinga af Velferðarsviðunum og oftast en ekki virkir til vinnu og náms þó það sé ekki algilt. Þeir þurfa eftir sem áður mismunandi stuðning og hvatningu eins og aðrir sem sækja Fjölsmiðjuna.

**Einn mikilvægasti þátturinn í starfseminni er að nemarnir skynji löngun okkar til að ná árangri við það að auka vellíðan þeirra. Þarfir nema eru án efa mismunandi og leiðirnar til að ná árangri eru líka margar, hver þeirra er farsælust má örugglega deila um.**


Við viljum styðjast við hvað rannsóknir segja um farsælar leiðir að vellíðan. Þess vegna viljum við leggja áherslu á „Fimm leiðir að vellíðan“ skv. ábendingum frá Landlæknisembættinu. Að auki þurfum við að þjálfra vinnulag og kenna handverk og skapa jákvæða fyrirtækjamenningu sem namar okkar vonandi upplifa út í atvinnulífinu. En á endanum byggist árangurinn á starfinu á því að neminn axli ábyrgð á eigin lífi samhliða því sem við bendum honum á mögulegar leiðir til þess. Okkur langar til að reyna að auka sértekjur Fjölsmiðjunnar með t.d. aukinni sköpunarvinnu frá hugmynd að vöru, þróun hennar og markaðssetningu. Það krefst þátttöku nemanna okkar og þjálfar þau í þeirri hugsun sem fylgir því að skapa vöru og vonandi eykur sértekjur Fjölsmiðjunnar. Þetta er í takt við anda Fjölsmiðjunnar frá stofnun hennar árið 2001.

## Ýmislegt frá starfsemi okkar árið 2025

Fjölsmiðjan hefur gert margt skemmtilegt á árinu eins og síðustu ár, við höfum farið í ferðir, fengið hópa í heimsókn.


Fjölsmiðjunni bauðst það frábæra tækifæri að fara með hluta af starfsmönnum okkar í skoðunarferð til Eistlands. Ferðin var í boði Kriste og Erasmus samstarfs, sem hefur komið með marga hópa til okkar í Fjölsmiðjunni. Í Eistlandi hittum við kollega okkar frá Noregi sem starfa í UngVest en þau hafa einnig komið til okkar í heimsókn.





Fjölsmiðjan hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum til að auka starfsgleði og fjölbreytni sem mest. Hér á eftir koma nokkrar myndir af þeim viðburðum sem hafa verið hjá okkur.







## Sumarferð á Akranes



Eins og síðastliðin ár hafa nemendur og starfsmenn farið í sumarferð og hefur förinni verið haldið á Akranes og var engin breyting á nú, enda af hverju að breyta því sem tekst vel. Byrjað var fara í keilu og pílu. Svo var haldið á Hoppland sem enn meiri ofurhugar stukku í sjóinn af hinum ýmsu pöllum.. Endað var á Langasandi þar sem var haldið veglegt pylsuparty, einhverjir fóru í sjóinn, aðrir nutu lífsins í Guðlaugu og enn aðrir fóru í boltaleiki.

### Myndir frá sumarferð júní 2025 til Akranes





## Jólamatur í Fjölsmiðjunni







# Ársreikningur 2025

## Fjölsmiðjan Ársreikningur 2025

### Efnisyfirlit

Áritun endurskoðenda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	2
Rekstrarreikningur	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymi	5
Skýringar	6

## Áritun óháðra endurskoðenda

### Til stjórnar og framkvæmdastjóra Fjölsmiðjunnar

Við höfum veitt faglega aðstoð við gerð ársreiknings ársins 2025 fyrir Fjölsmiðjuna byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskiðaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal, ISRS 4410, sem fjallar um faglega aðstoð endurskoðanda við gerð ársreiknings.

Við höfum notað sérþekkingu okkar á sviði reikningshalds og reikningsskiða til að aðstoða fyrirtækið við að gera og leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Við höfum hlítt viðeigandi ákvæðum siðareglana, þar á meðal grundvallarreglunum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.


### Ábyrgð stjórnar og stjórnenda á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, sem og bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum sem ársreikningurinn byggir á.

Þar sem fagleg aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist af okkur að staðfesta nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn byggir á. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogi, 4. maí 2026

**Deloitte ehf.**

  
Rögnvaldur Dofri Pétursson  
Löggiltur endurskoðandi

## Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaáðferðum og árið áður.

Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk með það að markmiði að gefa því tækifæri til þess að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var hagnaður ársins 2025 kr. 29.420.174. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 68.808.929. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.


Fjölsmiðjan er sjálfseignastofnun. Stofnaðilar eru Rauði kross Íslands, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, Vinnumálastofnun og Velferðarráðuneytið.

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, Atvinnuleysistryggingasjóður og Menntamálaráðuneytið leggja Fjölsmiðjunni til rekstrarfé.


Stjórn Fjölsmiðjunnar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Fjölsmiðjunnar fyrir árið 2025 með undirritun sinni.


Kópavogi, 4. maí 2026

  
Guðný Maja Riba, formaður


  
Margrét L. Ásgrímsdóttir, varaformaður

  
Hulda A. Arnjótisdóttir

  
Gissur Pétursson

  
Rannveig Einarsdóttir

Framkvæmdastjóri:

  
Sturlaugur Sturlaugsson

## Rekstrarreikningur 2025

	Skýr.	2025	2024
<b>Rekstrartekjur</b>			
Seld og reiknuð þjónusta .....	6	56.232.316	50.717.675
Framlög vegna rekstrar .....	7	120.254.510	107.107.117
Framlög vegna húsaleigu .....	8	64.948.233	53.027.139
Framlög vegna nema í framhaldsskólum .....	9	0	4.612.618
Aðar tekjur .....	10	2.016.000	4.804.072
		<u>243.451.059</u>	<u>220.268.621</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3, 11	107.206.695	119.665.057
Deildaskiptur kostnaður .....	12	22.381.328	20.791.223
Annar sameiginlegur kostnaður .....	13	87.734.901	69.193.656
Afskriftir .....	4	233.673	329.773
		<u>217.556.597</u>	<u>209.979.709</u>
		<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>10.288.912</b>
		25.894.462	
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		5.659.234	2.902.599
Fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum .....		(1.237.564)	(635.431)
Vaxtagjöld og bankakostnaður .....		(895.958)	(312.154)
		<u>3.525.712</u>	<u>1.955.014</u>
		<b>Hagnaður ársins</b>	<b>12.243.926</b>
		<u>29.420.174</u>	<u>12.243.926</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

<b>Eignir</b>			
	<i>Skýr.</i>	<b>2025</b>	<b>2024</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
Áhöld og tæki .....	4	1.940.268	2.146.761
Innréttingar, áhöld og tæki í eldhúsi .....	4	1.821.568	1.840.790
Bífreið .....	4	171.511	179.469
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>3.933.347</b>	<b>4.167.020</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		562.450	562.450
Viðskiptakröfur .....		29.585.390	30.741.118
Aðrar skammtímakröfur .....		1.166.977	1.314.735
Handbært fé .....		45.849.236	18.485.585
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>77.164.053</b>	<b>51.103.888</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>81.097.400</b>	<b>55.270.908</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
	<i>Skýr.</i>	<b>2025</b>	<b>2024</b>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....	5	20.000.000	20.000.000
Óráðstafað eigið fé .....	5	48.808.929	19.388.755
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>68.808.929</b>	<b>39.388.755</b>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuld við Námsstyrkjasjóð Fjölsmiðjunnar .....	14	671.240	671.240
Velferðarsjóður barna, ónýttur styrkur .....		198.297	198.297
Viðskiptaskuldir .....		3.810.867	1.970.024
Aðrar skammtímaskuldir .....	15	7.608.067	13.042.592
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<b>12.288.471</b>	<b>15.882.153</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>81.097.400</b>	<b>55.270.908</b>

## Sjóðstreymi 2025

Handbært fé (til) frá rekstri	Skýr.	2025	2024
Hagnaður ársins .....		29.420.174	12.243.926
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á hreint veltufé:			
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna .....	4	<u>233.673</u>	<u>329.773</u>
Hreint veltufé frá (til) rekstrar		<u>29.653.847</u>	<u>12.573.699</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun .....		1.303.486	(2.802.102)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		<u>(3.593.682)</u>	<u>1.403.636</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(2.290.196)</u>	<u>(1.398.466)</u>
Handbært fé frá (til) rekstrar		<u>27.363.651</u>	<u>11.175.233</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		27.363.651	11.175.233
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		18.485.585	7.310.352
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u>45.849.236</u>	<u>18.485.585</u>

## Skýringar

### 1. Upplýsingar um Fjölsmiðjuna

Fjölsmiðjan er sjálfseignastofnun sem er vinnusetur fyrir ungt fólk með það að markmiði að gefa því tækifæri til þess að þjálfa sig fyrir almennan vinnumarkað eða áframhaldandi nám. Lögheimili Fjölsmiðjunnar er að Víkurhvarfi 2 í Kópavogi.

### 2. Reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

#### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins sem vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

#### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili framtíðarhagnaði og hægt sé að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðashluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði miðað við eignarhaldstíma á árinu.

#### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

#### Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði eða dagverði, hvort sem lægra reynist. Til kostnaðarverðs telst allur kostnaður við kaup, auk áfallins kostnaðar við framleiðslu. Auk þess telst til kostnaðarverðs allur kostnaður við að koma birgðunum á núverandi stað og í núverandi ástand. Með dagverði er átt við áætlað söluverð að frádregnum kostnaði við að fullgera vöru og áætluðum kostnaði við að selja hana.

#### Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast sjóður og bankainnstæður.

#### Tekjur

Tekjur vegna sölu vöru og þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst yfir til kaupanda.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

## Skýringar

### 3. Laun og launatengd gjöld

Laun .....	97.002.045
Verkþjálfun og námsstyrkir nema .....	244.861.023
Launatengd gjöld .....	22.345.923
Endurgreidd laun nema .....	(257.002.296)
Laun og launatengd gjöld alls .....	<u>107.206.695</u>

Að meðaltali störfuðu 9 starfsmenn hjá Fjölsmiðjunni á árinu í 9 stöðugildum. Í árslok voru 9 starfsmenn á launaskrá hjá Fjölsmiðjunni og heilsdagsstöðugildí voru 9.

Reiknað áunnið orlof í árslok nemur kr. 7.608.067.

### 4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld tæki og innréttingar	Innréttingar í eldhús	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun .....	16.023.933	6.966.367	1.708.502	24.698.802
Afskrifað í ársbyrjun .....	(13.100.559)	(5.902.190)	(1.529.033)	(20.531.782)
Afskrifað á árinu .....	(206.493)	(19.222)	(7.958)	(233.673)
Bókfært verð í árslok .....	<u>2.716.881</u>	<u>1.044.955</u>	<u>171.511</u>	<u>3.933.347</u>
Stofnverð alls í árslok .....	16.023.933	6.966.367	1.708.502	24.698.802
Afskrifað alls í árslok .....	(13.307.052)	(5.921.412)	(1.536.991)	(20.765.455)
Bókfært verð í árslok .....	<u>2.716.881</u>	<u>1.044.955</u>	<u>171.511</u>	<u>3.933.347</u>
Afskriftarhlutföll .....	20%	30%	15%	

### 5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun .....	20.000.000	19.388.755	39.388.755
Afkoma ársins .....		29.420.174	29.420.174
Eigið fé í árslok .....	<u>20.000.000</u>	<u>48.808.929</u>	<u>68.808.929</u>

## Sundurliðanir

	2025	2024
<b>6. Seld og reiknuð þjónusta</b>		
Bílaþvottastöð .....	6.775.805	6.567.258
Trésmíðadeild .....	7.373.061	7.749.698
Hússtjórnardeild .....	21.060.001	18.645.619
Tölvudeild .....	538.338	548.080
Tækni deild .....	13.963.938	12.572.112
Handverk/pökkun .....	6.211.261	4.625.231
Sameiginleg deild .....	309.912	9.677
	<u>56.232.316</u>	<u>50.717.675</u>
<b>7. Framlög vegna rekstrar</b>		
Atvinnuleysistryggingasjóður .....	47.077.826	47.077.829
Menntamálaráðuneytið .....	45.000.000	33.000.000
Reykjavíkurborg .....	15.862.462	15.290.468
Kópavogsbær .....	4.494.787	4.351.716
Hafnarfjarðarbær .....	3.538.676	3.343.523
Garðabær .....	2.231.686	2.065.037
Mosfellsbær .....	1.536.125	1.467.691
Seltjarnarnes .....	512.948	510.853
	<u>120.254.510</u>	<u>107.107.117</u>
<b>8. Framlög vegna húsaleigu</b>		
Atvinnuleysistryggingasjóður .....	32.922.173	32.922.174
Vinnumálastofnun .....	1.492.299	417.177
Reykjavíkurborg .....	17.189.412	11.137.380
Kópavogsbær .....	4.870.791	3.169.732
Hafnarfjarðarbær .....	3.834.698	2.435.380
Garðabær .....	2.418.375	1.504.148
Mosfellsbær .....	1.664.628	1.069.048
Seltjarnarnes .....	555.857	372.100
	<u>64.948.233</u>	<u>53.027.139</u>
<b>9. Greiðslur vegna nema í framhaldsskólum</b>		
Ríkissjóður .....	0	3.000.000
Rannís .....	0	720.000
RihtNow ehf. ....	0	892.618
	<u>0</u>	<u>4.612.618</u>

## Sundurliðanir

	2025	2024
<b>10. Aðrar tekjur</b>		
Sjóvá hf. ....	0	430.000
Landbankinn hf. ....	1.000.000	0
Virk starfsendurhæfing ses. ....	1.000.000	3.000.000
Perla norðursins hf. ....	0	500.000
Info capital ehf. ....	0	500.000
Quarks ehf. ....	0	300.000
Aðiri aðilar ....	16.000	74.072
	<u>2.016.000</u>	<u>4.804.072</u>
<b>11. Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun starfsmanna ....	96.852.045	104.206.565
Laun nema ....	244.861.023	223.373.213
Endurgreidd laun nema ....	(257.002.296)	(234.502.606)
Stjórnarlaun ....	150.000	176.250
Bílastyrkur ....	538.800	557.200
Lífeyrissjóðsframlag ....	12.992.682	13.672.368
Áfallið orlof ....	(304.005)	2.369.409
Önnur launatengd gjöld ....	8.836.318	9.483.241
Námskeið og fræðsla starfsmanna ....	171.000	239.250
Gjafir til starfsmanna ....	111.128	90.167
	<u>107.206.695</u>	<u>119.665.057</u>
<b>12. Deildaskiptur kostnaður</b>		
<b>Bílaþvottastöð</b>		
Efni ....	672.985	454.676
Áhöld og tæki ....	594.237	24.243
Aðkeypt þjónusta ....	262.710	0
Hreinlætisvörur ....	22.077	31.292
Vinnufatnaður ....	1.044	0
Annar kostnaður ....	15.000	0
	<u>1.568.053</u>	<u>510.211</u>
<b>Trésmíðadeild</b>		
Efni ....	1.978.228	376.309
Áhöld og tæki ....	68.191	36.859
Aðkeypt þjónusta ....	52.438	0
Hreinlætisvörur ....	0	34.710
Vinnufatnaður ....	9.565	90.591
	<u>2.108.422</u>	<u>538.469</u>

## Sundurliðanir

	2025	2024
<b>Hússtjórnardeild</b>		
Efni .....	15.880.071	15.790.800
Áhöld og tæki .....	375.272	1.604.276
Eftirlitskerfi í eldhúsi .....	280.246	205.200
Aðkeypt þjónusta .....	196.956	0
Hreinlætisvörur .....	353.661	401.740
Vinnufatnaður .....	78.915	64.871
Annar kostnaður .....	37.485	0
	<u>17.202.606</u>	<u>18.066.887</u>
<b>Tölvudeild</b>		
Efni .....	114.244	0
Áhöld og tæki .....	335.013	0
Aðkeypt þjónusta .....	9.680	0
	<u>458.937</u>	<u>0</u>
<b>Tæknideild</b>		
Efni .....	172.032	500.257
Áhöld og tæki .....	351.060	83.324
Hreinlætisvörur .....	32.575	10.326
Gámaleiga og sorphirða .....	0	354.989
Vinnufatnaður .....	0	56.544
Annar kostnaður .....	0	10.470
	<u>555.667</u>	<u>1.015.910</u>
<b>Handverk og þökkun</b>		
Efni .....	363.476	580.788
Áhöld og tæki .....	120.516	68.429
Gámaleiga og sorphirða .....	1.401	10.529
Annar kostnaður .....	2.250	0
	<u>487.643</u>	<u>659.746</u>
Deildarskiptur kostnaður, samtals	<u>22.381.328</u>	<u>20.791.223</u>

## Sundurliðanir

	2025	2024
<b>13. Annar sameiginlegur kostnaður</b>		
Húsaleiga .....	66.768.700	45.417.949
Rafmagn og hiti .....	1.603.705	1.766.806
Viðhald og viðhaldsvörur .....	571.683	769.675
Hússjóður .....	1.895.267	1.549.894
Heilbrigðiseftirlit .....	82.500	112.910
Öryggisgæsla .....	765.777	612.880
Gámaleiga og sorphirða .....	366.030	250.883
Hreinlætisvörur .....	61.019	71.435
Reiknaður matarkostnaður nema .....	4.509.101	4.426.509
Reikningsleg aðstoð .....	766.087	558.000
Memaxí .....	1.413.600	1.295.800
Önnur aðkeypt þjónusta .....	2.325.080	3.407.266
Gjaldfærð áhöld og tæki .....	607.277	369.704
Rekstur tölvukerfis .....	2.297.389	3.270.485
Sími og internet .....	660.815	666.905
Burðargjöld .....	27.402	34.636
Ritföng, prentun og pappír .....	136.164	401.460
Vátryggingar .....	998.671	881.674
Auglýsingar .....	29.462	65.100
Gjafir og styrkir .....	0	159.000
Starfsmannakostnaður .....	477.300	657.640
Matarkostnaður .....	153.525	255.100
Þjónustugjöld og bankakostnaður .....	230.812	139.823
Rekstur bifreiða .....	626.868	800.514
Félagsgjöld .....	3.378	0
Sjúkrakassar, lyf og læknisáðstoð .....	72.386	661.596
Ýmis nemendakostnaður .....	70.658	259.370
Fræðsla og sjálfstyrking nema .....	13.297	55.980
Hópefli - lífsleikni nema .....	200.948	274.662
	<u>87.734.901</u>	<u>69.193.656</u>

## Sundurliðanir

	2025	2024
<b>14. Skuld við Námsstyrkjasjóð Fjölsmiðjunnar</b>		
Flutt frá fyrra ári .....	671.240	581.240
Gjafir í Námsstyrkjasjóð, stjórnarlaun .....	0	90.000
	<u>671.240</u>	<u>671.240</u>
<b>15. Aðrar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt áfallið orlof .....	7.608.067	7.912.072
Ógreidd staðgreiðsla .....	0	2.657.979
Ógreitt tryggingagjald .....	0	555.035
Ógreiddur lífeyrissjóður .....	0	1.636.136
Ógreidd stéttarfélagsgjöld .....	0	190.728
Aðrar skammtímaskuldir .....	0	90.642
	<u>7.608.067</u>	<u>13.042.592</u>